

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Málsnr.: 2001011  
Dalabyggð Málaskrá

Mál nr. 10350/2019

03. MAR. 2020

Bréfalykill: 11.02.00

Reykjavík, 28. febrúar 2020

Dalabyggð  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið athugun minni á kvörtun Svavars Garðarssonar með bréfi því sem fylgir í ljósriti. Þrátt fyrir það hefur athugun mín á þessu máli orðið mér tilefni til að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri og þá með það í huga að þær verði framvegis hafðar í huga í störfum sveitarstjórnarinnar.


Í svarbréfi sveitarstjóra Dalabyggðar til míns, dags. 20. janúar sl., kemur m.a. fram að það sé ekki á verksviði sveitarstjórnarinnar að fjarlægja bifreiðar af einkalóð heldur heyri slík mál undir heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit og að Svavar hafi verið upplýstur um að leitað yrði til heilbrigðiseftirlitsins annars vegar 1. desember 2017 og hins vegar 10. september 2018. Jafnframt kemur fram að málið sé nú til meðferðar hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hvílir sú skylda á stjórnvaldi að framsenda þau erindi sem því berast skriflega og ekki snerta starfssvið þess á réttan stað svo fljótt sem unnt er. Í ákvæðinu er ekki sérstaklega kveðið á um skyldu stjórnvalds til að senda þeim aðilum sem hlut eiga að máli tilkynningu um sílika framsendingu. Aðila sem beint hefur skriflegu erindi til stjórnvalds getur þó skipt það miklu að fá vitneskju ef erindi hans hefur verið sent öðru stjórnvaldi til afgreiðslu. Sú staða kann að leiða til þess að aðilinn telji nauðsynlegt að koma á framfæri frekari upplýsingum og gögnum, athugasemdum við málsmeðferð eða spyrjast fyrir um hvað líði afgreiðslu eða viðbrögðum við erindi hans. Af ákvæðinu og hinni óskráðu meginreglu stjórnsýsluréttarins, sem nefnd hefur verið svarreglan, leiðir því að þegar skriflegt erindi er framsent öðru stjórnvaldi eða verður tilefni þess að stjórnvaldið sem upphaflega fékk erindið beinir sjálft erindi til annars stjórnvalds ber að senda aðila bréf og tilkynna honum um það svo að honum megi vera ljóst hvar erindi hans er niður komið eða hvar umrætt málefni er til athugunar eða meðferðar. Sjá til hliðsjónar álit mitt frá 30. nóvember 1999 í máli nr. 2706/1999.

Þrátt fyrir að tölvupóstur Svavars frá 2. ágúst sl. hafi einkum falið í sér áskorun um að bregðast við umkvörtunum hans og annarra vegna umgengni um umrædda lóð tel ég ekki unnt að draga þá ályktun af erindinu að hann hafi ekki vænst svars eða viðbragða við því heldur vísaði hann einmitt til þess að hann myndi nýta sér tiltekin úrræði ef ekki yrði brugðist við innan tilgreindra tímamarka. Hvað sem líður stöðu hans til að setja stjórnvöldum tiltekna tímafresti til að bregðast við tel ég að erindið hefði, í samræmi við framangreint, átt að gefa sveitastjórninni tilefni til að staðfesta móttöku þess og gera honum grein fyrir því í hvaða farveg málefnið hefði verið lagt og hvort þess væri að vænta að brugðist yrði frekar við. Ég fæ ekki séð að það hafi verið vandkvæðum bundið vegna ákvæða laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í ljósi framangreinds kem ég þeirri ábendingu á framfæri að betur verði gætt að þessum atriðum við meðferð hliðstæðra mála hjá sveitarféluginu í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Tryggvi Gunnarsson". The signature is fluid and cursive, with a large, stylized "T" at the beginning. It is positioned above a solid black line that forms the bottom boundary of the document area.

Tryggvi Gunnarsson

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Málsnr.: 2001011  
Dalabyggð Málaskrá

03. MAR. 2020

Bréfalykill: 11.02.00

LJÓSRIT

Mál nr. 10350/2019

Reykjavík, 28. febrúar 2020

Svavar Garðarsson  
Sunnubraut 11  
170 Dalabyggð

Ég vísa til kvörtunar yðar til míni, dags. 31. desember sl., sem beinist að sveitarstjórn Dalabyggðar. Lýtur kvörtunin að því að sveitarstjórnin hafi ekki brugðist við erindi yðar frá 2. ágúst sl., þar sem þér ítrekuðuð ársgamalt erindi yðar um sveitarstjórnin beitti sér fyrir því að bílhræ yrðu fjarlægð af tiltekinni lóð í sveitarfélaginu.

Í tilefni af kvörtun yðar var sveitarstjórn Dalabyggðar ritað bréf, dags. 6. janúar sl., þar sem þess var óskað að mér yrðu veittar upplýsingar um hvað liði meðferð og afgreiðslu á erindi yðar. Mér hefur nú borist bréf sveitarstjóra Dalabyggðar, dags. 20. janúar sl., þar sem m.a. kemur fram að málið hafi nú verið lagt í tiltekinn farveg af hálfu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Í ljósi þess tel ég ekki tilefni til þess að aðhafast frekar vegna kvörtunar yðar. Læt ég því athugun minni lokið með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Kvörtunin hefur þó orðið mér tilefni til að rita hjálagt bréf til sveitarstjórnar Dalabyggðar þar sem ég kem á framfæri tilteknum ábendingum af athugun minni á málinu.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson

